

Ed.

127. Frumvarp til laga

[106. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um verzlunaratvinnu nr. 41 frá 2. maí 1968 var svohljóðandi ákvæði lögfest í 3. tl. 4. gr.:

„Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er vól á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.“

Áður en ákvæði þetta var lögfest hafði ráðherra almenna heimild til að veita undanþágu frá þekkingarkröfum, sem gerðar voru til þeirra, er sóttu um leyfi til verzlunar. Með þessu nýja ákvæði eru hendur ráðherra verulega bundnar frá því, sem áður var.

Í ljós hefur komið við framkvæmd laganna, að erfitt er að veita ýmsum aðilum verzlunarleyfi, sem eðlilegt er að eigi kost á leyfi til verzlunar. Er því lagt til, að núgildandi heimild verði rýmkuð, þannig að ráðherra geti veitt undanþágu frá skilyrðum 3. tl. 4. gr., þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Er hér t. d. átt við iðnaðarmenn, sem verzla oft með vörur í sinni sérgrein, en hafa sjaldan verzlunarskólapróf. Svo má og nefna ýmsar sérverzlunir s. s. hannyrðaverzlanir, söluturna, smærri verzlanir o. s. frv. Virðist of strangt að gera þá kröfu, að allir, sem slíka verzlun vilji reka, hafi verzlunarskólapróf eða jafngilda menntun eða þá hafi starfað við verzlun um þriggja ára skeið. Á hinn bóginn hafa slíkir umsækjendur oft sérþekkingu á takmörkuðu sviði t. d. hannyrðakennari á hannyrðavörum o. s. frv.

Einnig hefur komið í ljós, að víða utan Reykjavíkur vantar ýmsa verzlunarþjónustu. Aðilar í héraðinu vilja þá reyna að koma henni á fót, jafnvel samhliða öðrum atvinnurekstri og er þá ekki rétt að láta slíkt stranda á ósveigjanlegum lagaboðum.

Er breyting þessi einnig í samræmi við þau orð í grg. með frumvarpi til laga um verzlunaratvinnu frá 1968, að „Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur . . .“.